

fréttabréf

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

11. árg. 1. tbl. júní 2001

UNDIRRITUN SAMNINGS UM MENNINGARMÁL Á AUSTURLANDI

Samningur um samstarf ríkis og allra 16 sveitarfélaganna á Austurlandi um menningarmál var undirritaður við upphaf ráðstefnunnar *Menningarlandið-stefnumótun menningarmála á landsbyggðinni*, sem haldin var í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði 14. og 15. maí sl. Gildistími samningsins er til ársloka 2004 og er tilgangur hans að efla menningarstarf á Austurlandi og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaganna við slíkt starf í einn farveg. Jafnframt eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Menningarráð Austurlands verður samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og mun meðal annars hafa það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi og hafa eftirlit með framkvæmd samningsins. Framlög ríkisins renna til Menningarráðs sem úthlutar þeim í samræmi við ákvörðun Alþingis um fjárveitingar. Framlög ríkisins til samningsins



Frá ráðstefnunni Menningarlandið á Seyðisfirði

verða 25 milljónir króna á árinu 2002 en við ákvörðun framlaga úr ríkissjóði árin 2003 og 2004 verður tekið mið af reynslunni af framkvæmd samningsins, þó ekki lægri fjárhæð en árið 2002. Samfara undirritun samningsins var einnig undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að á samningstímanum verði unnið að þátttöku ríkisins í uppbyggingu fjögurra menningarmiðstöðva sem eru: Kirkju- og menningarmiðstöð í Fjarðabyggð (Eskifirði), Skaftfell á Seyðisfirði; menningarmiðstöð á Hornafirði og menningarmiðstöð á Austur-Héraði. Viðræðum um hlut ríkisins í stofnkostnaði og hugsanlegum rekstrarkostnaði þeirra er ekki lokið en í viljayfirlýsingu er miðað við ákveðnar fjárhæðir sem hlut ríkisins í stofnkostnaði.

Þá undirrituðu við sama tækifæri sömu sveitarfélög og standa að samningnum við ríkið, samstarfssamning um menningarmál, í tengslum við samning ríkisins og sveitarfélaganna. Þessi sveitarfélög eru: Austur-Hérað, Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Búðahreppur, Djúpvogshreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Fellahreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Mjóafjarðarhreppur, Norður-Hérað, Seyðisfjarðar-kaupstaður, Skeggjastaðahreppur, Stöðvarhreppur, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur.

Ráðstefnan *Menningarlandið - stefnumótun í menningarmálum á landsbyggðinni* var haldin í samvinnu menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnunar en heimamenn

komu einnig að undirbúningi hennar.

Grundvöllur ráðstefnunnar á Seyðisfirði var skýrsla starfshóps um menningarmál sem menntamálaráðherra skipaði í ársbyrjun 2000 og skilaði hópurinn af sér skýrslunni í vetur. Í þeirri skýrslu er lögð sérstök áhersla á mikilvægi stefnumótunar í menningarmálum, bæði á vettvangi sveitarstjórna sem og í samskiptum ríkisins við sveitarfélögin. Ávörp í upphafi ráðstefnunnar fluttu Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Elisabet Benediktsdóttir, varamaður í stjórn Byggðastofnunar, Smári Geirsson, formaður Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Karitas H. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu, sem flutti kveðju menntamálaráðherra og setti ráðstefnuna í fjarveru hans í upphafi ráðstefnunnar vegna þingstarfa. Ráðstefnustjóri var Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður. Þrír erlendir fyrirlesarar fluttu erindi á

ráðstefnunni. Kynnt var menningaráætlun íraska menningarráðsins og menning og menningartengd ferðaþjónusta sem byggðamál í Svíþjóð. Á ráðstefnunni voru einnig flutt fjölmörg erindi um stöðu og starfsumhverfi menningarmála á Íslandi. Meðal þeirra voru erindi um áhrif menningarborgarinnar á stefnumótun sveitarfélaga og samvinnu þeirra og menningarborgarinnar, um hlutverk Þjóðminjasafnsins gagnvart landsbyggðinni og samstarfsaðila þeirra, sem og menningarstarf í samvinnu ríkis og sveitarfélaga. Þá voru erindi um fræðasetur, menningarstofnanir og starfsemi háskólastigsins og hvernig hægt væri að auka búsetu listamanna úti á landi.

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, flutti ávarp seinnipart fyrri fundardags auk þess að taka þátt í almennum umræðum. Vék ráðherraí máli sínu sérstaklega að mikilvægi samningsins við sveitarfélögin á Austurlandi.

Á síðari degi ráðstefnunnar var rætt um starfsumhverfi menningarmála á landsbyggðinni, fjármögnun, rekstur og starfsmannamál út frá fræðasetrum, menningarmálanefndum, rekstri menningarmiðstöðva, menningarstarfi ungs fólks og menningaruppeldi. Auk þess skiluðu vinnuhópar álit um hvernig hægt væri að standa að tillögum til eflingar menningarmálum á Íslandi.

Ráðstefnuna sóttu 140 manns alls staðar að af landinu.

HEIMSÓKN MENNTAMÁLARÁÐHERRA TIL KANADA

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, heimsótti Ottawa, höfuðborg Kanada, dagana 19.-21. mars sl. Ráðherra var meðal 700 gesta á sýningu Íslenska dansflokksins í National Arts Centre í Ottawa þriðjudagskvöldið 20. mars. Með sýningunni lauk dansflokkurinn sýningarferð sinni um Kanada en flokkurinn hélt alls sex sýningar á tímabilinu 13.-20. mars. Að lokinni sýningu hélt ráðherra hóf til heiðurs dansflokknum þar sem hann þakkaði hópnum fyrir glæsilega sýningu en flokkurinn fékk mjög góðar viðtökur hjá sýningargestum.



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, með Brian Tobin, iðnaðar- og rannsóknarmálaráðherra Kanada

Menntamálaráðherra átti fund með Brian Tobin, iðnaðar- og rannsóknarmálaráðherra Kanada, þriðjudaginn 20. mars. Fjölludu ráðherrarnir meðal annars um sameiginleg viðfangsefni á sviði rannsókna og þróunar og ákváðu að fulltrúar þeirra myndu halda viðræðum áfram um sérgreind viðfangsefni, t.d. á sviði erfðafræði og sjávarútvegs. Menntamálaráðherra kynnti skýrslu um tungutækni sem gerð hefur verið á vegum menntamálaráðuneytisins. Sagði ráðherra möguleika á því að Íslendingar fyndu lausn sem gæti nýst öðrum þjóðum sem hafa það að markmiði að vernda tungumál sitt í heimi upplýsingatækninnar. Ennfremur kynnti menntamálaráðherra fartölvuvæðingu íslenska framhaldsskólakerfisins fyrir Brian Tobin sem sýndi tæknivæðingu íslensks þjóðfélags mikinn áhuga.

Siglingaleið víkinga viðurkennd af UNESCO

Menntamálaráðherra hitti einnig Sheila Copps, menningarmála-



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Sheila Copps, menningarmálaráðherra Kanada

ráðherra Kanada, og ræddu þau meðal annars leiðir til að tryggja rétt höfunda í hinum stafræna tölvuheimi en Kanadamenn fóru fyrir nokkrum árum þá leið að leggja höfundagjald á óátekna geisládiska. Taldi menningarmálaráðherrann það hafa gefið góða raun og ekki valdið neinum deilum. Á fundi ráðherranna var einnig ákveðið að Sheila Copps fylgdi eftir þeirri hugmynd sinni að siglingaleið víkinga á Norður-Atlantshafi verði viðurkennd sem heimsmenningararfur af UNESCO. Mun ráðherrann taka málið upp við sendiherra Kanada hjá UNESCO.

Viða komið við

Menntamálaráðherra fór einnig í kanadíska þingið og var kynntur sérstaklega fyrir þingiheimi. Ennfremur hitti hann forseta öldunga-deildar þess og þingmenn sem hafa áhuga á að koma til Íslands til að kynna sér árangursríka stjórn fiskveiða. Á meðal þingmanna sem ráðherra hitti óformlega voru Janis Johnson, öldungadeildarþingmaður, og John Howard, þingmaður Frjálslynda flokksins, en þau eru bæði af íslenskum ættum.

Menntamálaráðherra fór í heimsókn í The Museum of Civilization en þar lýkur víkingasýningunni í apríl 2002. Sýningin hefur verið á sýningarferð um Bandaríki Norður-Ameríku síðan í upphafi ársins 2000. Í heimsókninni var ráðherra sýnd stytta af Guðriði Þorbjarnardóttur og Snorra syni hennar sem Davíð Oddsson forsætisráðherra afhenti Kanadamönnum að gjöf frá íslenska ríkinu á síðasta ári í tilefni af 1000 ára afmæli landafundanna.

Í ferðinni átti ráðherra þess einnig kost að kynnast starfsemi Canadian Foundation of Innovation sem er öflugur sjóður til nýsköpunar í háskólum, rannsóknum og vísindum. Kanadamenn leggja mikla áherslu á að efla starfsemi á þessum sviðum og afhenti Brian Tobin sjóðnum nýverið 750 milljónir kanadadollara til ráðstöfunar.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ OG FJÖLÍS UNDIRRITA SAMNING UM GREIÐSLU FYRIR FJÖLFÖLDUN VERKA

Þann 19. febrúar sl. undirrituðu Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Ragnar Aðalsteinsson hrl., fyrir hönd Fjölís, samtök hagsmunaaðila um höfundarrétt, samning til næstu sex ára um endurgjald vegna ljósrítunar og hliðstæðrar eftirgerðar í skólum. Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, hafði áður undirritað samninginn fyrir hönd ríkissjóðs.

Samningurinn gildir afturvirkir frá 1. september 1999 til 31. ágúst 2005. Samkvæmt samningnum greiðir ríkissjóður rúmlega 180 milljónir fyrir þetta 6 ára tímabil. Um er að ræða umtalsverða hækkun á endurgjaldi frá fyrri samningum Fjölís við menntamálaráðuneytið. Þessi hækkun byggist aðallega á niðurstöðum könnunar PriceWaterhouseCoopers frá því í maí 1999 sem sýndi töluverða aukningu á ljósrítun í skólum.

Höfundarréttar gætt

Fjölís var stofnað 22. ágúst 1984 í framhaldi af samningi við menntamálaráðuneytið 1983 um endurgjald vegna ljósrítunar í skólum.

Aðildarfélag Fjölís eru:

- Bláðamannafélag Íslands,
- Félag íslenskra bókaútgefenda,
- Hagþenkir - félag höfunda fræðirita og kennslugagna,
- Myndstef - en það mynda Samband íslenskra myndlistarmanna, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag grafískra teiknara, Félag íslenskra teiknara, Arkitektafélag Íslands, Félag leikmynda- og búningahöfunda og einstaklingar sem fara með myndhöfundarétt,
- Rithöfundasamband Íslands,
- STEF - samband tónskálda og eigenda flutningsréttar.

Megintilgangur samtakanna er að gæta höfundarréttar á útgefnum verkum með samningum sem heimila takmarkaða ljósrítun gegn



Ragnar Aðalsteinsson og Björn Bjarnason undirrita samninginn

endurgjaldi. Samningar Fjölís veita heimild til að ljósrita að hámarki 20% verks en þó aldrei meira en 30 síður. Réttthafar að útgefnu verki geta verið bæði höfundar texta og mynda, svo og útgefendur. Leyfi þarf hjá réttihöfum til ljósrítunar umfram það sem ákvæði höfundalaga og samninga heimila.

Samninga leitað við fjölmarga aðila

Auk samnings við menntamálaráðuneytið vegna ljósrítunar í skólum hefur Fjölís gert samninga við ríkið vegna ljósrítunar og hliðstæðrar eftirgerðar í Stjórnarráði Íslands og stofnunum þess, við Reykjavíkurborg, einstakar ríkisstofnanir, sem falla utan Stjórnarráðssamningsins, Kirkjuráð, vegna sókna og stofnana Þjóðkirkjunnar, Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og allmarga einkaskóla. Ljóst er að enn er víða ljósritað heimildarlaust með þeim afleiðingum að höfundar og aðrir réttthafar fá ekki sanngjarnt endurgjald fyrir verk sín. Fjölís á jafnframt í samningaviðræðum við marga aðila, t.d. tónlistarskóla, stærri sveitarfélög, banka og ýmis stærri fyrirtæki og samtök.

Fréttabréf menntamálaráðuneytis
11. árg. 2. tbl. júní 2001
Ábyrgðarmaður: Guðríður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Steinunn Jónasdóttir
Útlitshönnun: Auglýsingastofan Skaparinn
Útg. Menntamálaráðuneytið,
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mnrn.stjr.is
Veffang: menntamalaraduneyti.is
Prentun: Gutenberg hf.

menntamalaraduneyti.is

EVROPSK VIKA TUNGUMÁLANÁMS INNAN FULLORÐINSFRÆÐSLU

Evrópsk vika tungumálanáms innan fullorðinsfræðslu var haldin 5.-11. maí sl. Var hún liður í dagskrá Evrópsks tungumálaárs 2001 og haldin á sama tíma í flestum þátttökulandanna.

Meginmarkmið með tungumálavikunni var að vekja fólk til vitundar um mikilvægi tungumálakunnáttu, veita upplýsingar um framboð á tungumálanámi fyrir fullorðna, hvetja fólk til að bæta tungumálakunnáttu sína og veita ráðgjöf og leiðbeina um tungumálanám. Lögð er áhersla á að fólk sé aldrei of gamalt til að hefja tungumálanám.

Dagskrá Evrópsku tungumálavikunnar hér á landi fólst m.a. í tungumalahátíð sem haldin var helgina 5.-6. maí sl. Það var Endurmenntunarfólkun Háskóla Íslands sem stóð fyrir hátíðinni í samstarfi við málaskóla, námsflokka, Alliance Française, Goethe Zentrum o.fl. Á hátíðinni var boðið upp á fjölbreytta menningardagskrá auk þess sem innlent framboð á tungumálanámi fyrir fullorðna var kynnt.

Jafnframt buðu sömu aðilar upp á svokölluð örnámskeið í tungumálum fyrir almenning þátttakendum að kostnaðarlausu. Voru þau mjög vel sótt. Nokkrar símenntunarmiðstöðvar voru einnig með aðgerðir þess viku, s.s. Símenntunarmiðstöð Suðurnesja sem hélt tungumalahátíð í Garði 5. maí í samstarfi við heimamenn.



Frá opnun viku tungumálanáms í Endurmenntunarfólkun H.Í.

MENNTAMÁLARÁÐHERRAR OECD FUNDA Í PARÍS

Dagana 2.-4. apríl sl. sat Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, ásamt Guðriði Sigurðardóttur, ráðuneytisstjóra, og Stefáni Baldurssyni, skrifstofustjóra, fund menntamálaráðherra OECD í höfuðstöðvum OECD í París.

Aðal umræðuefni fundarins var símenntun fyrir alla. Meginmarkmið fundarins var að meta þær framfarir sem orðið hafa í símenntun á þeim fimm árum sem liðin eru síðan ráðherrarnir hittust síðast. Fyrir fundinum lágu margvísleg gögn um stöðu símenntunar í löndum OECD ásamt greinargóðu plaggi um þau úrlausnarefni sem stjórnvöld og aðrir fræðsluaðilar standa frammi fyrir. Það er ekki síst lítil þátttaka þeirra



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Dr. Seymour Papert, prófessor frá MIT

hópa í símenntun sem hafa litla menntun fyrir sem olli ráðherrunum áhyggjum en einnig var rætt um fjölmörg önnur úrlausnarefni sem tengjast þessu efni, s.s. breytingar á færnikröfum í þekkingarsamfélögum nútímans og nýjar leiðir til að viðurkenna þá færni, notkun upplýsingatækni í skólum, andfélagsleg hegðun nemenda og staða kennara í nútíð og framtíð. Auk þess ræddu ráðherrarnir á tveimur hádegisfundum vaxandi viðskipti með menntun í aðildarlöndunum og það hvernig styrkja megi samfélagsleg gildi í skólastarfi.

Á fyrsta dag þingsins var skipulögð sérstök dagskrá þar sem fjallað var um tölvur í skólastarfi. Hinn þekkti bandariski prófessor frá MIT, Seymour Papert, hélt inngangserindi um möguleika upplýsingatækninnar í skólastarfi en í kjölfar þess fjölluðu tveir ráðherrar, Björn Bjarnason og Han Wan-Sang frá Kóreu, um efnið með sérstöku tilliti til þess sem gert hefur verið á þessum vettvangi á Íslandi og í Kóreu á undanförunum árum.

Í lok fundarins var samþykkt ályktun þar sem fram koma þau atriði og stefnumið sem ráðherrarnir vilja leggja áherslu á. Þar var m.a. lögð áhersla á áframhaldandi upplýsingaöflun á vegum OECD, aukna nýtingu tölvutækninnar í skólastarfi og eflingu símenntunar fyrir alla. Þá samþykkti fundurinn, að tillögu Björns Bjarnasonar, að leggja áherslu á dreifða menntun og ábyrgð einstaklingsins í símenntun í lokaályktun fundarins.

FUNDUR FORSTÖÐUMANNA MENNINGARSTOFNANA

Forstöðumenn 16 menningarstofnana, sem heyra undir ráðuneytið, komu til fundar með starfsmönnum menntamálaráðuneytisins á Hótel Sögu þann 3. maí sl. Meginefni fundarinnar voru þrjú:

- Hlutverk menningarstofnana gagnvart landsbyggðinni.
- Upplýsingatækni og miðlun á sviði menningarmála.
- Staða og hlutverk forstöðumanna og meðferð starfsmannamála.

Forstöðumenn Þjóðleikhússins, Þjóðskjalasafnsins, Sinfóníuhljómsveitarinnar og Örnefnastofnunar greindu frá starfi stofnana sinna gagnvart landsbyggðinni. Í máli þeirra kom fram að í gegnum árin hafi stofnanirnar reynt eftir megni að sinna landsbyggðinni á margvíslegan máta. Bættar samgöngur, breytingar í byggð landsins, tilkoma sjónvarpsins, aukin menningarstarfsemi á landsbyggðinni o.fl. hafa þó breytt forsendum þannig að ástæða er til að endurskoða starf stofnananna utan höfuðborgarsvæðisins. Þá hafa vinnutímareglur og nýmæli í kjarasamningnum gert Þjóðleikhúsinu og Sinfóníuhljómsveit Íslands erfiðara en áður að fara með fjölmenna hópa listamanna í ferðalög innanlands sem utan.

Stofnanirnar eru líka í auknum mæli að taka upplýsingatæknina í þjónustu sína. Forstöðumenn Þjóðminjasafnsins og Listasafns Íslands skýrðu hvernig þessar stofnanir nota upplýsingatæknina til að skrá og miðla safnkosti sínum og Einar Örn Benediktsson, vefstjóri www.icelandculture.com, sagði frá hlutverki þessarar vefsíðu í kynningu á

íslenski menningu erlendis. Hann lagði mikla áherslu á að setja upplýsingar strax inn á vefsíðu þar sem fráhrindandi væri að fá einungis upplýsingar um að síðan væri í undirbúningi. Valur Árnason, lögfræðingur í menntamálaráðuneytinu, fjallaði um stöðu og hlutverk forstöðumanna og meðferð starfsmannamála í ljósi stjórnsýslulaga o.fl. Góðar umræður voru á fundinum og er stefnt að því að halda árlega slíka fundi með forstöðumönnum.

Efni frá fundinum mun innan tíðar verða birt á vef ráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.



Frá vinstri: Ólafur Kvaran, Listasafni Íslands, Helga Ólafsdóttir, Blindrabókasafni Íslands, Margrét Hallgrímsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands, Markús Örn Antonsson, Ríkisútvarpinu, Auður B. Arnadóttir, menntamálaráðuneytinu, og Þóra C. Oskarsdóttir, menntamála-ráðuneytinu.

ENDURSKIPUN SAMSTARFSNEFNDAR UM STARFSNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, hefur skipað samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi fyrir annað starfstímabil nefndarinnar en fyrri nefnd lauk störfum í desember sl. Helsta hlutverk nefndarinnar skv. framhaldsskólalögum er að stuðla að tengslum skóla og atvinnulífs og að vera menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi. Nefndin skal jafnframt gera tillögur um forgangsroðun verkefna í starfsnámi, svo og um sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Samstarfsnefndin er skipuð 18 einstaklingum, 12 þeirra eru tilnefndir af samtökum aðila á vinnumarkaði. Nýr formaður nefndarinnar er Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Félags íslenskra skipstjórnarmanna.

Tilfærsla verkefna og kosning framkvæmdastjórnar

Fyrsti fundur nýrrar samstarfsnefndar var haldinn 28. mars sl. og ávarpaði menntamálaráðherra fundinn. Í máli hans kom fram að ætlunin væri að breyta skipulagi nefndarinnar í þeim tilgangi að auka

sjálfstæði hennar og efla frumkvæði með því að færa umsýslu með málefnum nefndarinnar til Menntar sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla. Samið verður við Mennt um að annast tiltekin verkefni er lúta að störfum nefndarinnar og hafa með höndum eftirfylgni einstakra verka er nefndin vinnur að á hverjum tíma. Á fundinum var kjörin sérstök framkvæmdastjórn skipuð 7 einstaklingum sem stýra störfum nefndarinnar milli funda og gera drög að starfsáætlun hennar til næstu fjögurra ára. Stefnt er að auknu samstarfi við 14 starfsgreinaráð sem skipuð voru árið 1998 að fengnum tillögum fyrri samstarfsnefndar. Starfsgreinaráð hafa m.a. með höndum vinnu að námskrá starfsnáms og verða fyrstu námskrár samkvæmt hinu nýja fyrirkomulagi gefnar út á næstunni.



MENNTAMÁLARÁÐHERRA OPNAR FRÉTTASKRIF NEMENDA Á NETINU

Þann 23. febrúar sl. sendi Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, ásamt nemendum í Árbæjarskóla fyrstu formlegu frétt nemenda skólans á vefinn www.mbl.is/utskolar. Þessi fréttaskrif eru upphaf tilrauna-verkefnis sem þróunarskólar á vegum menntamálaráðuneytisins taka þátt í. Samningur sem gerður hefur verið á milli þróunarskólanna og Morgunblaðsins felur í sér að nemendur, kennarar og stjórnendur þróunarskólanna skrifa daglega fréttir úr skólunum á www.mbl.is/utskolar. Einnig munu skólarnir hafa ókeypis aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins í vetur. Upplýsingar um þróunarskólaverkefnið eru á vefnum www.utskolar.is. Þar má finna daglegar fréttir sem varða upplýsingatækni í skólastarfi, yfirlit yfir ráðstefnur, styrki og námskeið.

Breytt hlutverk kennarans með tilkomu upplýsingatækni

Á vefnum er fjöldi greina um breytta kennsluhætti og upplýsingar sem auðvelda kennurum að nota Netið í kennslu.

Þróunarskólar í upplýsingatækni eru sex og eru þeir þátt-takendur í fjögurra ára tilraunaverkefni á vegum menntamálaráðuneytisins með stuðningi sveitarfélaga og Landssímans. Í verkefninu eru þrjár grunnskólar: Árbæjarskóli, Varmalandsskóli í Borgarfirði og Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá taka þrjár

framhaldsskólar þátt en það eru Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi og Menntaskólinn á Akureyri.

Hlutverk þróunarskólanna er að vinna að þróun upplýsingatækni í kennslu, námi og skólastarfi. Áhersla er lögð á breytt hlutverk kennarans með aukinni notkun upplýsingatækni í kennslu og miðlun reynslu af verkefnum sem tekist er á við. Á næstunni verður skoðað hvernig notkun á gagnasafni Morgunblaðsins var háttáð og metið hvort möguleiki sé fyrir áframhaldandi samstarfi á því sviði. Þá verður jafnframt metið hvernig fréttaverkefnið tókst með það í huga að veita fleiri skólum tækifæri til þátttöku í framtíðinni.



Frá opnun fréttaverkefnis þróunarskólanna www.utskolar.is í Árbæjarskóla

KENNSLA ERLENDRA TUNGUMÁLA Í EVRÓPU

Í tilefni Evrópsks tungumálaárs hefur Eurydice, upplýsinganet um menntamál í Evrópu, nýlega gefið út ritið: "Foreign Language Teaching in Schools in Europe". Í ritinu er að finna margvíslegar upplýsingar um stöðu tungumálakennslu í 29 Evrópulöndum, þ.e. í öllum aðildarlöndum Evrópusambandsins, EES/ EFTA löndunum þremur, Íslandi, Liechtenstein og Noregi, og einnig í væntanlegum ellefu aðildarlöndum ESB.

Ritið birtir m.a. samanburðarhæfar upplýsingar um fyrirkomulag kennslu erlendra mála í þeim löndum sem ritið nær til, markmið kennslunnar og innihald samkvæmt námskrám, kennsluáferðir, námsframboð og menntun kennara í erlendum málum. Leita má t.d. svara við því hvenær kennsla erlendra tungumála hefst í skólakerfinu í einstökum löndum, hvort um skyldunámsgreinar er að ræða, hvaða áherslur eru lagðar í kennslunni og hvaða stuðningur er veittur innflytjendabörnum sem hafa annað móðurmál en talað er í því landi sem þau dveljast í.

Upplýsingarnar miðast við grunnskólastig og bóklegar námsbrautir framhaldsskólastigs. Stuttur útdráttur úr ritinu sem ber heitið "Profile of ... Foreign Language Teaching in Schools in Europe" hefur einnig verið gefinn út.

Útgáfa ritsins "Foreign Language Teaching in Schools in Europe" er samvinnuverkefni Evrópudeildar Eurydice og þáttökulandanna 29. Tók vinna við verkið rúm 3 ár. Hér á landi vann mats- og eftirlitsdeild menntamálaráðuneytisins að allri upplýsingagjöf fyrir ritið. Ritið má nálgast á slóðinni <http://www.eurydice.org>.



AUKIÐ VÆGI RANNSÓKNA Í EFNAHAGSSTEFNU RÍKISSTJÓRNAR

Á ársfundi Rannsóknarráðs Íslands 9. apríl sl. kynnti Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, tillögur sem hann hefur lagt fram í tengslum við endurskoðun á lögum um ráðið en samkvæmt lögum bar að endurskoða þau innan fimm ára frá því að þau tóku gildi hinn 1. júlí 1994. Tillögur menntamálaráðherra gera ráð fyrir að stefnumótun í vísindum og tækni verði í höndum gjörbreytts Rannsóknarráðs Íslands sem starfi undir formennsku forsætisráðherra með þátttöku hóps ráðherra, vísindamanna og fulltrúa atvinnulífs. Undir þessu stefnumótandi Rannsóknarráði Íslands starfi tvær stjórnarnefndir, önnur á vegum menntamálaráðuneytis og hin iðnaðarráðuneytis. Þessar nefndir úthluti styrkjum og veiti lán á grundvelli umsókna.

Menntamálaráðherra segir að með þessari tilhögun sé haft að leiðarljósi að stefna í vísindum, rannsóknum og þróun setji ótvíræðan svip á almenna stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum.

Tillögurnar gera m.a. ráð fyrir því að Rannsóknarráð Íslands móti stefnu í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Litið verði til þess hvert sé gildi starfs á þessu sviði fyrir allt efnahagslíf þjóðarinnar. Stefnu ráðsins fylgi framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun þar sem meðal annars verði tekin afstaða til starfsemi opinberra rannsóknastofnana og opinberra úthlutunarsjóða. Þá skili ráðið ríkisstjórn árléga



Frá pallborðsumræðunum á ársfundi Rannís 2001

skýrslu um horfur í vísinda- og tæknimálum. Einnig er gert ráð fyrir að Vísindasjóður og Tæknisjóður verði sameinaðir í einn sjóð. Styrkjum verði úthlutað til einstaklinga og fyrirtækja þeirra en ekki til stofnana eða ríkisaðila. Þá er gert ráð fyrir að í stað skrifstofu Rannsóknarráðs Íslands komi stofnun án stjórnsýsluhlutverks til að annast úttektir á rannsóknum, upplýsingaöflun um rannsóknir, ráðgjöf til rannsóknaraðila og skýrslugjöf, kynningu á vísinda- og rannsóknastörfum og e.t.v. umsýslu fyrir stjórnarnefndirnar.

Höfuðáhersla lögð á menntun ungra vísindamanna

Að sögn ráðherra verður af hálfu ráðuneytisins höfuðáhersla lögð á að styrkja grunnrannsóknir og stuðla að menntun ungra vísindamanna. Hlutverk ríkisins á þessu sviði yrði samkvæmt því annars vegar að fjármagna öfluga sjóði til að styrkja grunnrannsóknir og hins vegar að

stuðla að meistara- og doktorsnámi á háskólastigi. Aðrir þættir rannsóknar- og þróunarstarfs myndu hvíla á herðum einkaaðila eða sjóða sem veita fé til nýsköpunar, vöruþróunar og áhættufjárfestinga. Þar er lagt til að starfi sjóður sem styrki frumkvöðla við nýsköpun og vöruþróun hvers konar. Reynslan sýni að

vaxandi þörf er á stuðningi sem brúar bilið frá því að grunnrannsókn er lokið og þar til áhættufjárfestar komi til sögunnar.

STYRKTARSAMNINGUR MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIS UM REKSTUR HÚSSTJÓRNARSKÓLANS Á HALLORMSSTAÐ

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Helga Hreinsdóttir, formaður skólaneftdar Hússtjórnarskólans á Hallormsstað, undirrituðu hinn 22. febrúar sl. styrktar-samning menntamálaráðuneytisins við Sjálfseignarstofnun um rekstur Hússtjórnarskólans á Hallormsstað til þriggja ára, árin 2002-2005.

Samningurinn tryggir áframhaldandi rekstur Hússtjórnarskólans sem, samkvæmt honum, verður nú viðurkenndur sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Stefna skólans er sú að nemendur læri hefðbundnar aðferðir í matreiðslu- og handmenntagreinum og nýti þær sem grunn við útfærslu nýtskulegra hugmynda og

kenninga í þessum greinum.

Námskrá skólans byggir á Aðalnámskrá framhaldsskóla og tryggir þannig grunn fyrir áframhaldandi nám nemenda, um leið og það getur staðið eitt sér, mótað af sérstöðu þessa gamalgróna skólaseturs.

Samningurinn gerir ráð fyrir að menntamálaráðuneytið styrki starfsemi skólans um 13,2 milljónir króna á ári næstu þrjú árin.

SKÝRSLA NEFNDAR UM KONUR OG FJÖLMIÐLA

Nefnd um konur og fjölmiðla hefur skilað skýrslu með tillögum til menntamálaráðherra en haustið 1998 skipaði ráðherra sameiginlega nefnd menntamálaráðuneytisins og Skrifstofu jafnréttismála um konur og fjölmiðla. Var nefndinni falið að gera tillögur um hvernig fylgja ætti eftir gr. 9.11 í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem er svohljóðandi: "Menntamálaráðuneytið mun beita sér fyrir athugun á aðgengi kvenna að fjölmiðlum og þá um leið þátttöku þeirra í ákvörðunum varðandi þróun þessara mála. Einnig verði kannað hvaða kven- og karlímýndir íslenskir fjölmiðlar birta og hvernig megi vinna markvisst að því að umfjöllun um líf og starf kvenna sýni þær í öllum sínum fjölbreytileika. Á grundvelli slíkra athugana verði unnið að stefnumótun á þessu sviði."

Meginverkefni nefndarinnar var að kanna íslenska fjölmiðla með tilliti til stöðu kvenna, auk þess að leggja fram tillögur um hvort og hvaða hlutverki fjölmiðlar og aðrir hafa að gegna í þessum efnum. Bent hefur verið á, í þessu sambandi, að markvisst jafnréttisstarf geti auðveldað fjölmiðlum að endurskoða vinnu hefðir sínar og innra skipulag með það fyrir augum að framleiða fjölbreyttara, vandaðra og samkeppnishæfara efni.

Með hliðsjón af því hve fáar athuganir og rannsóknir hafa verið gerðar á íslenskum fjölmiðlum ákvað nefndin að gangast fyrir gerð tveggja rannsókna; annars vegar á innihaldi helstu fjölmiðla og hins vegar á viðhorfum blaða- og fréttamanna til starfs síns. Hluti fjölmiðlakönnunarinnar var endurtekinn rúmu ári síðar til að fá samanburð við fyrri niðurstöður. Áfanganiðurstöður þessara kannana hafa þegar verið kynntar fjölmiðlum.

Hlutur kvenna í fjölmiðlum mun minni en karla

Niðurstaða nefndar um konur og fjölmiðla er í meginráttum sú að hlutur kvenna í fjölmiðlum er mun minni en hlutur karla og á það jafnt við um fréttamenn, viðmælendur, þáttastjórnendur, geinahöfundar o.s.frv. Kynjahlutfallið er að jafnaði 70% hlutur karla á móti 30% hlut

kvenna. Leggur nefndin til eftirfarandi leiðir til að auka hlut kvenna í fjölmiðlum:

1) **Að auka vitund fjölmiðlafólks.** Niðurstöður nefndarinnar skulu kynntar á vinnustöðum fjölmiðlafólks. Ennfremur verði komið á fót gagnagrunni fyrir fjölmiðlafólk sem inniheldur upplýsingar um konur með sérþekkingu á ýmsum sviðum. Fjölmiðlafólk verði ennfremur hvatt til að kynna sér fræðsluefni evrópskra sjónvarpsstöðva um kynimyndir í sjónvarpi. Farið verði þess á leit við fjölmiðla að þeir fjalli um jafnréttismál og þeir hvattir til að skipa jafnréttisnefndir.

2) **Að auka fræðslu í skólum.** Í því sambandi er bent á evrópskt fræðsluefni sem nota mætti til kennslu í hagnýtri fjölmiðlun í Háskóla Íslands og í fjölmiðlafræði í framhaldsskólum. Koma skuli upplýsingum um stöðu kvenna í fjölmiðlum inn í jafnréttisfræðslu í grunnskólum, t.d. lífsleikni.

3) **Að koma upplýsingum á framfæri við almenning.** Störf nefndarinnar og rannsóknir, sem gerðar hafa verið á vegum hennar, verði kynntar. Konur verði almennt hvattar til að skorast ekki undan þátttöku í fjölmiðlum, t.d. með auglýsingum. Gerð verði sjónvarpsmynd í samvinnu við RÚV um það hvernig konur birtast í fjölmiðlum. Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, fjölmiðlafræðingur, var fengin til verkefnisins og var myndin nýverið sýnd í Ríkissjónvarpinu.

Í nefnd um konur og fjölmiðla sátu: Hanna Katrín Friðriksen, blaðamaður, sem jafnframt var formaður fyrri hluta starfstíma hennar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður og formaður nefndarinnar síðari hluta starfstíma nefndarinnar, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, fjölmiðlafræðingur, Hilmar Thor Bjarnason, fjölmiðlafræðingur, Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, og Gréta Ingþórsdóttir, blaðamaður. Starfsmaður nefndarinnar var Helga Guðrún Jónasdóttir, Skrifstofu jafnréttismála.

Skýrslu nefndarinnar er að finna á rafrænu formi á vef menntamálaráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is.

NÝR STARFSMAÐUR Á ALMENNUN SVIÐI



Þóra Björk Eysteinsdóttir hefur hafið störf sem sérfræðingur á almennu sviði menntamálaráðuneytisins. Hún er iðnrekstrarfræðingur frá Tækniskóla Íslands og er að ljúka BS prófi í alþjóðamarkaðsfræðum við sama skóla.

Þóra Björk hefur starfað hjá Kristnihátíðar- og Landafundanefnd sem aðstoðarmaður fjármálastjóra. Einnig hefur hún starfað sem flugfreyja hjá Flugfélaginu Atlanta og dvalið við störf víða erlendis.

DÆTURNAR MEÐ Í VINNUNNA

Þann 10. apríl sl. komu dætur, frænkur og vinkonur starfsmanna menntamálaráðuneytisins í heimsókn í ráðuneytið og kynntu sér starfsemi þess. Dagurinn hófst með morgunverði. Að honum loknum bauð ráðuneytisstjóri stúlkurnar velkomnar og kynnti þeim starf sitt. Þá var komið að skoðunarferð um húsið. Byrjað var á 4. hæðinni þar sem tölvudeildin var skoðuð og þaðan farið á allar hæðir, koll af kalli. Stúlkurnar fengu að syngja við undirleik harmonikku í grunnskóladeildinni, spreyttu sig við að flokka skjöl á skjalasafni og stimpla póst og setja í umslög í afgreiðslu-unn. Þá hittu þær aðstoðarmann ráðherra og drukku gos á fjármálasviði. Það sem hefur þó án efa staðið upp úr eftir daginn (fyrir utan pizzuveisluna í hádeginu) var heimsókn til ráðherra. Stelpurnar voru vel undirbúnar með spurningar fyrir hann og þegar heimsókninni lauk héldu stúlkurnar heim ánægðar með daginn.



Í heimsókn hjá menntamálaráðherra. Auk dætranna og Björns Bjarnasonar eru á myndinni Jóhanna María Eyjólfsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra, og Guðriður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri.



Hjálpað til á skjalasafninu. Ásgerður Kjartansdóttir, deildarstjóri skjala- og bókasafns, aðstoðar stúlkurnar



Guðriður ráðuneytisstjóri ásamt frænkum sínum þeim Signýju, Helgu Lind og Þórönnu

KAUP AUSTUR-HÉRAÐS Á FASTEIGNUM ALPÝÐUSKÓLANS Á EIÐUM

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Björn Hafþór Guðmundsson, bæjarstjóri Austur-Héraðs, undirrituðu þann 22. febrúar sl. á Hótel Héraði, Egilsstöðum, afsal þar sem sveitarfélaginu Austur-Héraði eru seldar fasteignir Alpýðuskólans fyrrverandi að Eiðum, ásamt jörðum Eiðastóls sem eru Hóll, Hólshjáleiga, Eiðar, Ormsstaðir, Gróf og Þuridarstaðir. Með samningi, dagsettum 7. maí 1999, tók sveitarfélagið Austur-Hérað framangreindar eignir á leigu og hafði leigusamningurinn að geyma kauprétt á þessum eignum til handa sveitarfélaginu. Ákvað sveitarfélagið að nýta sér kaupréttinn en söluverð eignanna var fyrirfram ákveðið í kaupréttarákvæðinu, 25 milljónir króna sem greiðast með skuldabréfi til 25 ára.

TILLÖGUR STARFSHÓPS UM EINELTI Í GRUNNSKÓLUM

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, hefur fallist á tillögur starfshóps um einelti í grunnskólum. Samráðnefnd um grunnskóla, sem skipuð er af menntamálaráðherra og í eiga sæti fulltrúar menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samtaka kennara og skólastjóra, skipaði starfshópin til þess að koma með tillögur að samræmdri aðgerðaáætlun fyrir grunnskóla um hvernig skuli bregðast við ef og þegar einelti kemur upp. Var þetta gert í kjölfar rannsókna sem menntamálaráðuneytið fól Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála að gera árið 1999 um umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum og um úrræði skóla við lausn á eineltisvandamálum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu á fundi samráðsnefndar um grunnskóla 17. maí sl. Í skýrslunni er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og tillögum starfshópsins sem lúta að eftirfarandi þremur meginþáttum:

1) **Forvörnum.** Í forvarnarstarfi er áhersla á jákvæðan og lýðræðislegan skólabrag. Mikilvægt er að ekki skapist skilyrði í skólum þar sem einelti getur þrífist. Góð samvinna þarf að vera við heimili og aðila utan skólans s.s. félagsmiðstöðvar og íþróttafélög.

2) **Aðgerðaáætlun skóla.** Í hverjum skóla sé skilgreind eineltisáætlun og eineltisteymi á faglegum grunni þar sem hlutverk hvers og eins er skilgreint.

3) **Áætlun um áttak í menntun og fræðslu.** Auka þarf fræðslu og menntun kennara bæði í grunnnámi og í endurmenntun. Lagt er til að efnt verði til námskeiða eftir sérstöku kerfi sem byggir á hugmyndum norska prófessorsins Dan Olweus.

Skýrslan er í heild sinni aðgengileg á vef ráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is.

FRESTUN Á SAMRÆMDU PRÓFI Í SAMFÉLAGSGREINUM Í 10. BEKK TIL VORSINS 2003

Menntamálaráðherra hefur með bréfi til grunnskóla og skólanefnda, dagsettu 16. maí sl. ákveðið að fresta samræmdu prófi í samfélagsgreinum í 10. bekk til vorsins 2003. Samræmd lokapróf í 10. bekk verða því vorið 2003 í fimm námsgreinum í stað sex eins og skólum hafði áður verið tilkynnt í mars síðastliðnum. Námsgreinar sem prófað verður úr vorið 2002 eru: íslenska, danska, enska, náttúrufræði og stærðfræði. Vorið 2002 fjólgar því valfrjálsum samræmdum lokaprófum í grunnskóla um eitt, þ.e. í náttúrufræði og vorið 2003 bætast samfélagsgreinar við. Þá verður að fullu komið til framkvæmda nýtt valfrjálst kerfi samræmdra prófa í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla frá 1999.

Þessi ákvörðun byggir á niðurstöðum könnunar Námsmatsstofnunar á kennslu samfélagsgreina á unglingastigi sem gerð var haustið 2000. Könnunin leiddi m.a. í ljós að aðlögun skóla að aðalnámskrá grunnskóla væri ekki að fullu lokið í samfélagsgreinum enda um verulegar breytingar að ræða frá fyrri námskrá. Nemendur sem ljúka 8. bekk í grunnskólum í vor verða því fyrstir til að fá kennslu í samfélagsgreinum miðað við aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 og er því fyrsti árgangurinn sem hægt er að leggja fyrir samræmt próf í samfélagsgreinum.

Ákvörðun um að fresta samræmdu prófi í samfélagsgreinum hefur ekki í för með sér nein vandkvæði vegna ákvæða í reglugerð um innritun í

framhaldsskóla og miðast innritun á félagsfræðibrautir framhaldsskóla í eitt ár í viðbót við skólaeinkunn í samfélagsgreinum. Sjá nánar vef menntamálaráðuneytisins um lög, reglugerðir og aðalnámskrá: www.menntamalaraduneyti.is

Prófgreinar og prófdagar í 10. bekk grunnskóla vorið 2002 verða sem hér segir:

Íslenska, þriðjudagur 23. apríl
 Enska, miðvikudagur 24. apríl
 Náttúrufræði, föstudagur 26. apríl
 Stærðfræði, mánudagur 29. apríl
 Danska, þriðjudagur 30. apríl

Námsmatsstofnun sendir grunnskólum gögn vegna undirbúnings prófa í náttúrufræði vorið 2002 og samfélagsgreinum vorið 2003 þar sem fram kemur uppbygging prófanna ásamt sýnishornum af prófspurningum. Upplýsingar um samræmt próf er að finna á vef Námsmatsstofnunar: www.namsmat.is.



VIÐBÓTARNÁM FYRIR NEMENDUR Á STARFSNÁMSBRAUTUM

Menntamálaráðherra hefur ákveðið hvernig viðbótarnámi fyrir starfsnámsnemendur skuli háttað en samkvæmt lögum um framhaldsskóla skulu nemendur á starfsnámsbrautum eiga kost á viðbótarnámi til undirbúnings náms á háskólastigi og lýkur náminu með stúdentsprófi. Auglýstar hafa verið breytingar á aðalnámskrá framhaldsskóla þessu til staðfestingar.

Um lágmarkskröfur er að ræða og er miðað við að nemendur hafi lokið þriggja eða fjögurra ára starfsnámi að fullu, þ.e.a.s. bæði bóklegum og verklegum hlutum námsins, samkvæmt því sem kveðið er á um í námskrá. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort nemendur hafi stundað nám samkvæmt meistarakerfi eða verknámskerfi, né heldur er það skilyrði að nemendur í löggiltum iðgreinum hafi lokið sveinsprófi. Starfsnámsnemendur geta ákveðið viðbótarnámið sjálfir, í samráði við námsráðgjafa viðkomandi framhaldsskóla, ef tilgangur þeirra með viðbótarnáminu er að fullnægja sérhæfðum kröfum háskóla um undirbúning. Þó skal minnt á að nemendur þurfa að ljúka samræmdum prófum samkvæmt því sem ákveðið verður í reglugerð ef þeir óska að ljúka stúdentsprófi. Stúdentspróf eru samræmd í tilteknum greinum og kemur ákvæðið um samræmd próf til framkvæmda á skólaárinu 2003 - 2004.

Háskólar eða háskóladeildir gera í sumum tilvikum sérstakar kröfur um undirbúning sem geta falist í því að nemendur hafi lokið tilteknu námi í vissum greinum. Ennfremur geta nemendur í sumum tilvikum þurft að taka inntökupróf í einstakar deildir háskóla þrátt fyrir að þeir hafi lokið stúdentsprófi. Menntamálaráðuneytið leggur því áherslu á að nemendur kynni sér vandlega þær kröfur sem viðtökuskóli gerir áður en þeir taka endanlega ákvörðun um viðbótarnám.

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að starfsnámsnemendur sem óska eftir því að bæta við sig námi til undirbúnings námi á háskólastigi hafi eftirfarandi valmöguleika:

a) Að skipuleggja viðbótarnámið sjálfir í samráði við hlutaðeigandi framhaldsskóla miðað við skilgreind markmið um áframhaldandi nám á háskólastigi

b) Að ljúka námi í eftirtöldum greinum þannig að nám í sérhverri grein verði ekki minna en hér greinir:

íslenska	15 einingar
enska	12 einingar
stærðfræði	6 einingar
tungumál/náttúrufræði	
og stærðfræði / félagsfræði greinar	12 einingar
Samtals:	45 einingar

Nemendur geta valið milli erlendra tungumála, náttúrufræðigreina og stærðfræði eða samfélagsgreina, alls 12 einingar. Miðað er við að nám í hverri grein verði ekki minna en samtals 9 einingar. Stærðfræði er þó undanskilin frá 9 eininga reglunni. Nám í ofantöldum greinum, sem nemendur hafa lokið sem hluta af starfsnáminu, kemur til frádráttar.

Lögð er áhersla á að nemendur kynni sér sérkröfur þess háskóla sem þeir óska að stunda nám við og skipuleggi viðbótarnám sitt í samræmi við þær, þrátt fyrir þau skilyrði er koma fram í b-lið. Stúdentspróf eitt og sér tryggir ekki aðgang að öllu námi á háskólastigi, hvorki héraðs né erlendis.

REKTOR MENNTASKÓLANS Í REYKJAVÍK



Yngvi Pétursson hefur verið skipaður rektor Menntaskólans í Reykjavík frá 1. ágúst næstkomandi til næstu 5 ára. Hann lauk BS prófi í stærðfræði frá Háskóla Íslands árið 1974 og prófi í uppeldis- og kennslufræði við sama skóla 1978. Auk vettvangsnáms í stærðfræði og stjórnun við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, hefur Yngvi sótt fjölmörg námskeið og ráðstefnur tengdar stærðfræði, tölvum og stjórnun. Yngvi hefur verið kennari í stærfræði og tölvufræðum við Menntaskólann í Reykjavík frá árinu 1972 og hefur gegnt stöðu konrektors við skólann frá árinu 1995.

TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FJARSKIPTAÞJÓNUSTU

Fjarkennsla hefur aukist hröðum skrefum á undanförunum árum. Á landsbyggðinni hafa símenntunarmiðstöðvar þróast sem mikilvægur hlekkur í miðlun fjarkennslu. Símenntunarmiðstöðvar eru nú átta talsins í öllum landshlutum. Í símenntunarmiðstöðvum stunda nemendur nú nám með aðstoð fjarfundabúnaðar og er mikilvægt að tryggja að fjarskipti vegna fjarnáms séu greið. Nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins hefur nú skilað skýrslu með tillögum um úrbætur í fjarskiptaþjónustu vegna fjarkennslu.

Í nefndinni áttu sæti Arnór Guðmundsson, menntamálaráðuneyti, formaður, Einar Hannesson, tilnefndur af samgönguráðuneyti, Emil Björnsson, tilnefndur af Kvasi, samtökum símenntunarmiðstöðva, Jóhann Gunnarsson, tilnefndur af verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, Sigurður Sigursveinsson, tilnefndur af Félagi íslenskra framhaldsskóla, og Sæþór L. Jónsson, tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastígsins. Fékk nefndin íslenskan sérfræðing sem starfar í Bandaríkjunum til þess að vinna greinargerð um mögulegar fjarskiptalausnir og hafði einnig samráð við Bygðastofnun.

Tillögur nefndarinnar miðast við að í uppbyggingu fjarskiptaþjónustu vegna fjarkennslu verði leitast við að nýta Internetið (IP staðla) sem mest en minni áhersla lögð á hefðbundnar símalausnir, s.s. ISDN og

ATM, sem hingað til hefur verið stuðst við. Til þess að tryggja miðlun fjarfunda til skamms tíma leggur nefndin til að boðin verði út þjónusta vegna þeirra með svokallaðri IP brú. Slík brú býður upp á þann möguleika að miðla fjarfundum milli aðila sem hafa mismunandi tengingar sín á milli en jafnframt nýja möguleika háhraðatenginga milli þeirra sem hafa yfir slíkum tenginum að ráða. Haft verði samráð við ríkisaðila og sveitarfélög um útboð á þjónustu vegna slíks fjarfundakerfis.

Í öðru lagi leggur nefndin til að komið verði upp háhraðaneti símenntunarmiðstöðva og framhaldsskóla sem tengist væntanlegu rannsókn- og háskólaneti. Uppbygging þess verði í áföngum en gert er ráð fyrir að slík tenging verði komin á milli allra framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva innan þriggja ára. Til þess að ná fram þessu markmiði og hagræðingu í uppbyggingu netsins verði leitað til ríkisaðila um að þeir skilgreini fjarskiptaþarfir sínar með mögulega samnýtingu slíks nets í huga. Til þess að stuðla að frekari uppbyggingu fjarkennslunets í sveitarfélögum verði þau hvött til þess að kynna sér möguleika á uppbyggingu fjöleignaneta þar sem margar stofnanir sveitarfélaga eru tengdar saman í einu neti.

Skýrslu nefndarinnar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is.

NÝIR STARFSMENN Í MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Eygló Eyjólfsdóttir hefur verið ráðin sem sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild menntamála-ráðuneytisins. Hún lauk stúdentsprófi úr Mennta-skólanum í Reykjavík 1963 og var við nám í

Bandaríkjunum og Þýskalandi næstu ár. Að loknu BA prófi í þýsku og ensku frá Háskóla Íslands 1970 starfaði hún sem þýskukennari, áfangastjóri og konrektor við Menntaskólann við Hamrahlíð í 25 ár ef frá eru talin 3 ár í Kenýu og 1 ár í Bandaríkjunum. Í Minnesota lauk Eygló MA prófi í skólastjórnun 1991. Frá 1995 og fram í apríl á þessu ári gegndi hún embætti skólameistara Borgarholtsskóla.



Þórir Ólafsson hefur verið ráðinn sem sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1970 og prófum í almennum þjóðfélagsfræðum og uppeldis- og kennslufræði frá H.Í. Í leyfi frá

starfi stundaði hann nám í skólastjórnun við sænskan háskóla í einn vetur. Þórir hóf kennslu í grunnskólum í Reykjavík árið 1975 en flutti til Akraness 1976 og kenndi þar við gagnfræðaskólann í einn vetur. Frá því að Fjölbrautaskólinn á Akranesi var stofnaður haustið 1977 var Þórir kennari og aðstoðarstjórnandi þar til hann var ráðinn skólameistari skólans árið 1985. Fjölbrautaskólinn á Akranesi varð að Fjölbrautaskóla Vesturlands árið 1987 er öll sveitarfélögin á Vesturlandi komu að starfrækslu hans. Starfi skólameistara gegndi Þórir svo óslitið (að frátöldu námsleyfi í Svíþjóð) frá 1985 til 17. apríl sl. er hann hóf störf í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild.

REKSTUR TILRAUNASKÓLA Í ÁSLANDI Í HAFNARFIRÐI

Menntamálaráðherra hefur heimilað bæjarstjórn Hafnarfjarðar rekstur tilraunagrunnskóla í Áslandi til næstu þriggja ára, frá skólaárinu 2001-2002 að telja, í samræmi við heimild í 53. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995, enda lúti skólinn sömu eftirlits- og upplýsingaskyldu og aðrir grunnskólar.

Menntamálaráðuneytið hefur farið yfir öll innsend gögn um grunnskóla í Áslandi með hliðsjón af bréfi ráðuneytisins til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, dagsett 6. mars 2001, og þeim skilyrðum sem þar eru sett fyrir leyfisveitingu á grundvelli 53. gr. laga nr. 66/1995 um

grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið lítur svo á að öllum skilyrðum ráðuneytisins sé fullnægt í drögum að samningi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar við Íslensku menntasamtökin sem og þeim gögnum um væntanlegt skólahlald sem fyrir liggja frá samtökunum.

Fyrir lok tilraunatímabilsins mun menntamálaráðuneytið gera úttekt á starfsemi skólans áður en ákvörðun verður tekin um áframhaldandi rekstur hans.

YFIRLIT YFIR FRUMVÖRP MENNTAMÁLARÁÐHERRA SEM SAMÞYKKT HAFA VERIÐ Á 126. ÞINGI AUK REGLUGERÐA SEM TEKIÐ HAFA GILDI

Lög

- Lög um breyting á lögum nr. 97/1984, um bókasafnsfræðinga nr. 21/2001
- Lög um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, með síðari breytingum
- Lög um breyting á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum
- Lög um húsafríðun
- Lög um breyting á lögum nr. 78/1994, um leikskóla
- Lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa
- Lög um breyting á lögum nr. 122/2000, um Ríkisútvarpið
- Safnalög
- Lög um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum
- Þjóðminjalög

Reglugerðir

- Reglugerð nr. 365/2001 um breyting á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995
- Reglugerð nr. 227/2001 um breyting á reglugerð um innheimtu

höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.

- Reglugerð nr. 186/2001 um breyting á reglugerð innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga
- Reglur nr. 163/2001 um Þróunarsjóð leikskóla.
- Reglugerð nr. 125/2001 um innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.
- Reglugerð nr. 5/2001 um starfslíð og skipulag framhaldsskóla.
- Reglugerð nr. 6/2001 um starfstíma framhaldsskóla og leyfisdaga.
- Reglugerð nr. 388/2001 um breyting á reglugerð nr. 188/1999, um íþróttasjóð.

STARFSEMI ATVINNULEIKHÓPA

Menntamálaráðuneytið hefur að fengnum tillögum frá Leiklistarráði úthlutað framlögum af fjárlagaliðnum „Starfsemi atvinnuleikhópa“ árið 2001. Alls bárust umsóknir frá 27 aðilum til 45 verkefna. Til úthlutunar voru samtals 25 milljónir.

Í Leiklistarráði sitja Magnús Ragnarsson, Kristbjörg Kjeld og Ragnheiður Tryggvadóttir. Þórdís Arnljótsdóttir, varamaður Kristbjargar Kjeld, fjallaði um úthlutun til atvinnuleikhópa að þessu sinni. Nánari upplýsingar er að finna á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is

NÝTT UPPLÝSINGAKERFI FYRIR BÓKASÖFN

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Marc Daubach, aðstoðarforstjóri Ex Libris, undirrituðu þann 3. maí sl. samning sem felur í sér kaup á nýju upplýsingakerfi fyrir bókasöfnin í landinu. Undirskriftin fór fram í Bóksafni Reykjanesbæjar.

Hið nýja upplýsingakerfi, Aleph 500, mun m.a. leysa af hólmi Gegni, sem þjónað hefur Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni og sérfræðisöfnum, og Feng sem er kerfi almenningsbókasafna. Með hinu nýja kerfi er stefnt að sameiningu á upplýsingaþjónustu fyrir öll bókasöfn hérlandis í eitt landskerfi. Kerfið mun í framtíðinni bjóða upp á þann möguleika að fá upplýsingar um bókakost almenningsbókasafna, skólabókasafna, sérfræðibókasafna og Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Einnig mun hið nýja kerfi veita aðgang að bókasöfnum, gagnagrunnum og öðrum upplýsingaveitum víða um heim og miðla efni á rafrænu formi, s.s. tímaritum.

Nýja upplýsingakerfið mun jafna aðgengi almennings að bókakosti og upplýsingum og bæta aðstöðu til náms, óháð búsetu. Hagkvæmni í rekstri bókasafna mun aukast þar sem rekstur upplýsingakerfisins og þjónusta verður miðlæg. Sem dæmi má nefna að með nýja kerfinu verður hver "bók" aðeins skráð einu sinni í stað allt að 200 sinnum og sérfræðipækking sem nú er dreifð í mörgum bókasöfnum mun samnýttast. Uppbygging landskerfis allra bókasafna er stórt skref í þróun upplýsingasamfélagsins og hvergi í heiminum eru öll bókasöfn í einu landi tengd í sameiginlegu kerfi með þessum hætti.

Menntamálaráðuneytið hefur átt í viðræðum við fulltrúa sveitarfélaga um uppbyggingu hins nýja kerfis. Hefur ráðuneytið lagt til að stofnað verði hlutafélag um rekstur nýs bókasafnskerfis með aðild ríkis og



Frá undirritun samningsins í bókasafni Reykjanesbæjar

sveitarfélaga og hefur Reykjavíkurborg samþykkt þátttöku og aðild að hinu nýja kerfi.

Síðastliðin þrjú ár hefur verið starfandi nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins með fulltrúum Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns, Borgarbókasafns og sveitarfélaga og hefur hún meðal annars haft umsjón með vali á hinu nýja upplýsingakerfi. Nefndin stóð fyrir útboði í samvinnu við Ríkiskaup og í framhaldi af því samþykkti menntamálaráðherra tillögu hennar um kaup á Aleph 500 kerfinu.

PEYSUFATADAGUR Í KVENNÓ



Þann 6. apríl sl. heiðruðu nemendur Kvennaskólans sinn fyrrverandi rektor og núverandi deildarstjóra í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins, Aðalstein Eiríks-son, með söng og dansi.

ÚTHLUTUN ÚR ÞRÓUNARSJÓÐI

Þróunarsjóður grunnskóla starfar samkvæmt reglum sem menntamálaráðherra setur á grundvelli 52. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Tilgangur sjóðsins er að efla nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, námsgögnum og mati í grunnskólum. Menntamálaráðuneytið hefur gefið út rit með lýsingu á þróunarverkefnum sem sjóðurinn styrkti árin 1998-2000. Upplýsingar um þetta má finna á heimasíðu ráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is

Fimm manna ráðgjafarnefnd metur umsóknir og gerir tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar. Í nefndinni eru fulltrúar frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, samtökum kennara og skólastjóra og menntamálaráðuneytinu. Menntamálaráðherra hefur ákveðið, að tillögu ráðgjafarnefndarinnar, að veita styrki að upphæð alls 11 milljónir króna til samtals 32 verkefna.

LEIÐIR TIL AÐ LÆRA TUNGUMÁL Á ÁRANGURSRÍKAN HÁTT

Leiðir til að læra tungumál á árangursríkan hátt

Menntamálaráðuneytið hefur látið þýða og staðfæra leiðbeiningabækling sem Evrópuráðið og Evrópusambandið hafa gefið út um tungumálanám. Bæklingurinn ber heitið „Leiðir til að læra tungumál á árangursríkan hátt“. Var bæklingurinn gefinn út í tengslum við Evrópska viku tungumálanáms innan fullorðinsfræðslu 5.-11. maí sl., en hún var liður í samevrópskri dagskrá á Evrópsku tungumálaári 2001. Bæklingurinn nýtist öllum sem hyggjast leggja stund á tungumálanám og verður honum dreift til fjölmargra hagsmunaaðila, s.s. símenntunarmiðstöðva, öldungadeilda, málaskóla og námsflokka. Bæklinginn er einnig unnt að nálgast á vef menntamálaráðuneytisins: www.menntamalaraduneyti.is

SKÓLAFÓLKI BÝÐST MICROSOFT SAMNINGUR Á HAGSTÆÐUM KJÖRUM

Fyrir tilstuðlan menntamálaráðuneytisins og Tölvudreifingar hf. býðst skólafólki nú Microsoft hugbúnaður á sérkjörum. Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir mjög stóran hóp notenda tölvubúnaðar að eignast nýjustu útgáfur Microsoft hugbúnaðar á góðu verði og með löglegum hætti. Microsoft hugbúnaður í boði á þessum sérkjörum er:

- 1) *Office Professional 2000* sem hefur m.a. að geyma Word, Excel, Power Point og Access eða nýjasta Microsoft hugbúnaðarpakkann fyrir Macintosh: Office 2001 Macintosh Edition.
- 2) *Office Premium 2000* sem hefur að geyma sömu forrit og Office Professional auk FrontPage 2000 og PhotoDraw 2000.1 að auki.
- 3) *Visual Studio Pro 6.0* sem m.a. hefur að geyma forritunarmálin Visual Basic 6.0, Visual C++ 6.0, Visual InterDev.
- 4) Nýjstu Windows stýrikerfin sem eru *Windows ME* eða *Windows 2000*.

Með samvinnu menntamálaráðuneytisins, Tölvudreifingar og Microsoft um sölu ofangreindra leyfa til nemenda og kennara er komið til móts við óskir ráðuneytisins, skóla og heimila um hentugan hugbúnað á hagstæðu verði til handa þessum hópi. Mikilvægur kostur þess að festa kaup á þessum forritum er sú samhæfing sem þau bjóða þegar unnið er í tilteknum skjölum á milli stýrikerfa, svo sem á milli Windows og Macintosh. Að auki er unnt að vinna verkefni bæði heima við og í skólanum.

Spornað við ólöglegri notkun

Megintilgangur samningsins er að hamla gegn ólöglegri notkun hugbúnaðar hérlendis en menntamálaráðuneytið hefur, meðal annars í samvinnu við Tölvudreifingu hf., lagt mikinn metnað í að vinna gegn slíkri notkun á undanförunum árum.

Nemendur og kennarar geta keypt Microsoft-hugbúnaðarpakkana af seljendum tölvubúnaðar með því að sýna staðfestingu á skólavist. Foreldrar allra skólabarna geta keypt skólaleyfi fyrir Microsoft-hugbúnaðinn fyrir hönd barna sinna. Nánari upplýsingar um fyrirkomulag þessara kaupa fást hjá seljendum Microsoft-hugbúnaðar.

NÁMSEFNISGERÐ Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum af fjárlögum yfirstandandi árs til námsefnisgerðar í bóklegum og verklegum námsgreinum á framhaldsskólastigi. Alls bárust 109 umsóknir um styrkina að undangenginni auglýsingu. Samanlagðar fjárbeiðnir námu u.þ.b. 77,4 milljónum króna en til ráðstöfunar voru 25,1 milljónir króna.

Að fengnum tillögum nefndar, sem metur umsóknir og gerir tillögur um úthlutun, hefur menntamálaráðherra ákveðið að veita styrki til 88 verkefna, samtals 25,1 milljónir. Hægt er að fá nánari upplýsingar á vef ráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.

NÝ VERKEFNAÁÆTLUN Í RAFRÆNNI MENNTUN

Menntamálaráðherra kynnti nýja verkefnaáætlun menntamálaráðuneytisins í rafrænni menntun 2001-2003, Forskot til framtíðar, á UT2001 ráðstefnunni þann 9. mars sl. Við það tækifæri opnaði hann vefinn www.menntagatt.is.

Menntagatt.is

Menntagatt.is er gagnagrunnur með upplýsingum um námsefni. Þar verður stuðlað að miðlun og viðskipum með námsefni og lögð áhersla á tengingu milli námsefnis og markmiða í námskrá. Þar geta nemendur og kennarar nálgast efni, kennsluleiðbeiningar, myndir, gagnvirk próf og fleira. Menntagatt.is verður vettvangur fyrir erlend og innlend samskipti. Við uppbyggingu menntagáttar verður lögð áhersla á samvinnu við fyrirtæki um að þróa og kynna nýjungar á sviði kennsluhugbúnaðar og skólaþróunar. Menntagáttin er í þróun en áhugasamir geta farið inn á vefinn þar sem nýtt efni verður kynnt eftir því sem verkefninu vindur fram.

Aðgerðaáætlunin


Framtíðarsýn menntamálaráðuneytisins felst í því að nýta möguleika Netsins sem upplýsingaveitu fyrir skólastarf. Þar verði námsefni miðlað markvisst og samskiptum komið á milli nemenda, kennara, skólastjórnenda, foreldra, atvinnurekenda og allra sem tengjast menntun. Í þessari sýn felst að

hefðbundnir kennsluhættir próist yfir í það sem kalla má dreifmenntun og nemendur stundi þá nám í dreifskólum.

Aðgerðaáætlunin skiptist í fjóra kafla:

- Nám og kennsla
- Námsefni
- Búnaður
- Menntagáttir

Í hverjum kafla koma fram helstu áherslur ráðuneytisins ásamt lýsingu á markmiðum og leiðum. Útdráttur úr áætluninni hefur verið gefinn út í bæklingnum Forskot til framtíðar og ítarleg lýsing á íslensku, ensku og dönsku er að finna á vefsíðunni.



EVROPUMEISTARAR Í DANSI HEIÐRADIR

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Rut Ingólfsdóttir héldu þann 2. maí sl. hóf til heiðurs Adam Reeve og Karen Björgvinsdóttur Evrópumeisturum í samkvæmisdönsum. Móttakan var haldin í Ráðherrabústaðnum og auk evrópumeistaranna var boðið til hennar fulltrúum Dansambandsins, danskennurum og fulltrúum ÍSÍ.



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, og Rut Ingólfsdóttir ásamt Adam Reeve og Karen Björgvinsdóttur og foreldrum Karenar, þeim Björgvini SÍ Friðrikssyni og Óddu Björk Jónsdóttur



Gestir í boði ráðherra í Ráðherrabústaðnum